

**ÞHS**

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN, KALKOFNSVEGI 1, 150 REYKJAVÍK, Sími: 569 9500, FAX: 562 6540

---

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 120/1796*


*komudagur 215 1996*

30. apríl 1996

*Nefndadeild Alþingis,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík*

Vísað er til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dagsett 19. apríl 1996, um umsögn Þjóðhagsstofnunar um frumvarp til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, 422. mál. Hér með fylgir umsögn um skatt á fjármagnstekjur og staðgreiðslu hans.

Virðingarfyllt,



Þórður Friðjónsson,  
forstjóri

**Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 421. mál, fjármagnstekjur,  
og samhliða frumvarps um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjum, 422. mál**

---

Hér fer á eftir umsögn Þjóðhagsstofnunar um ofanefnd frumvörp sem varða álagningu 10% skatts á allar fjármagnstekjur einstaklinga og innheimtu hans í staðgreiðslu.

Umsögnin lýtur að nokkrum meginatriðum sem stofnunin telur ástæðu til að vekja athygli á og er áhersla lögð á þjóðhagsleg sjónarmið. Þessi atriði má draga saman í fimm liðum.

1. Að öllu samanlögðu verða þjóðhagsleg áhrif frumvarpanna tiltölulega lítil. Ljóst er þó að áhrifin ganga í þá átt að draga úr sparnaði og auka fjárstreymi til annarra landa. Að öðru jöfnu leiðir því skattlagningin til einhverrar hækkunar á vöxtum. Hve mikil sú hækkun verður ræðst af því hve næmt framboð og eftirspurn eftir lánsfé er fyrir vaxtastiginu. Reynsla síðustu áratuga sýnir að sparnaður er tiltölulega lítt næmur fyrir vaxtastigi og virðist ráðast meira af tekjum. Reynsla síðustu ára staðfestir þetta hvað Ísland varðar því orðið hafa miklar breytingar á vöxtum án verulegra áhrifa á sparnað. Þetta er jafnframt reynsla annarra þjóða. Fjárfestingar heimila og fyrirtækja eru hins vegar töluvert nærar fyrir vöxtum. Þetta þýðir að skattur á vaxtatekjur veldur fyrst og fremst lækkun á ávöxtun sparifjár eftir skatt, en ekki mikilli hækkun á markaðsvöxtunum sjálfum. Einnig má benda á að hið opinbera getur unnið á móti hækkuninni með því að bæta afkomu sína og auka þannig þjóðhagslegan sparnað.

Hið sama gildir um fjármagnshreyfingar milli landa og sparnaðinn að það er ekki ástæða til að búast við miklum sviptingum við álagningu fjármagnstekjuskatts. Áhrif skattsins eru ótvírætt til aukins útstreymis fjármagns og þar með til hækkunar vaxta, en reynslan af frjálsum hreyfingum fjármagns milli landa gefur ekki tilefni til að ætla að hófleg breyting ávöxtunar valdi fjármagnsflóttu í stórum stíl. Reynsla nágrannalanda okkar sýnir að það er miklu fremur hallarekstur hins opinbera og ógætileg hagstjórn, sem aftur leiðir til væntinga um aukna verðbólgu og gengisbreytingar, sem veldur slíku.

Álagning 10% skatts á fjármagnstekjur getur ekki talist mikil skattlagning. Breytingin á ávöxtun verðbréfa vegna álagningar skattsins verður mun minni en þær breytingar sem hafa orðið á markaðsvöxtum hér á síðustu árum. Áhrif á sparnað, fjármagnsflutninga og vaxtastig verða því að líkindum tiltölulega lítil að öðru óbreyttu. Í frumvarpinu felst hins vegar töluverð lækkun á skattlagningu annarra fjármagnstekna, það er að segja af hlutafé umfram tiltekna

fjárhæð og leiguhúsnæði, sem bætir stöðu þessara fjárfestingarkosta og gerir þá samkeppnishæfari á markaðnum. Þetta hlýtur að þýða hreyfingu úr verðbréfum yfir í þessa kosti og þar með vaxtahækkun. Ávöxtunarkrafan á markaðnum í heild ætti þó ekki að breytast verulega og aukið vægi hlutafjár og leiguhúsnæðis hefur um margt hagstæð áhrif, þótt greina megi á um réttmæti þess að skattleggja slíkar tekjur minna en launatekjur. Það liggur í hlutarins eðli að lækkun skatts á arðgreislur leiðir til ójafnari tekjudreifingar.

2. Eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins er að samræma skattlagningu fjármagnstekna. Í þessu sambandi er rétt að benda á að frumvarpið gerir ýmist ráð fyrir að nafnvaxtatekjur eða raunvaxtatekjur séu skattlagðar, svo sem leigutekjur og arður af hlutabréfum. Þarna getur munað verulega, þeim mun meira sem verðbólga er meiri. Frumvarpið felur ekki í sér sjálfkrafa aðlögun skattlagningarinnar að breytilegri verðbólgu. Því ræður verðbólguástig hverju sinni að hluta raunverulegum skatti.
3. Samkvæmt frumvarpinu verður mikill munur á skattlagningu arðgreiðslna og launatekna. Þetta býður heim hættunni á tilfærslum milli launatekna og arðgreiðslna þar sem því verður við komið. Þótt í frumvarpinu séu ákvæði sem miða að því að stemma stigu við þessu, getur verið afar erfitt að greina þarna á milli.
4. Ekki kemur beint fram í frumvarpinu hvernig skilagreinar með skattframtölum eigi að vera en ekki mun reiknað með að skilagreinar um staðgreiðsluskatt séu flokkaðar niður á nafn. Samanburður og tengsl við endanlegt framtal verður því enginn. Þetta hlýtur að valda skattyfirvöldum verulegum erfiðleikum við framkvæmd og eftirlit. Auk þess má nefna að frumvarpið hefði í för með sér þó nokkurn kostnaðarauka fyrir þá sem annast eiga innheimtu skattsins.
5. Ýmis atriði frumvarpanna eru flókin og vandmeðfarin. Hér verður ekki farið í saumana á slíkum atriðum, enda liggur það nær öðrum að gera þeim skil, heldur er látið nægja að nefna þrennt; meðferð gengishagnaðar, vaxta af kúlubréfum og tapaðra vaxtakrafna.